

Samráðsgátt stjórnvalda

Matvælaráðuneytið

*Umsögn frá LS vegna fyrirhugaðra breytinga á
lögum um stjórn fiskveiða (rafvæðing smábáta)*


31. ágúst 2022

Landssamband smábátæigenda (LS) fagnar viðleitni matvælaráðherra að beita sér fyrir orkuskiptum í sjávarútvegi og fiskeldi. Ljóst er að hér er um mikla áskorun að ræða og því nauðsynlegt að vönduð vinna fari fram við framgang þess. LS lýsir sig reiðubúið til samstarfs við þá vinnu.

Orkuskipti við strandveiðar

Landssamband smábátæigenda styður áform ráðherra um orkuskipti við strandveiðar að ívilna þeim bátum sem ganga fyrir rafmagni með drifrafhlöðum í stað jarðefnaeldsneytis. LS leggur til að auk þess að heimila meiri afla í hverri veiðiferð verði tímamörk veiðiferðar lengd um 2 klst, verði 16 í stað 14. Þá er það skoðun félagsins að ívilnanir eigi jafnframt að taka til vetnis sem og annarra grænna orkugjafa.

Virðingarfyllt



framkvæmdastjóri